

4. fundur Betadeildar starfsárið 2019 – 2020 – bókafundur - haldinn í Eikarlundi 10, 15. janúar kl. 19:00

Setning fundar

Sigríður Magnúsdóttir formaður setti fundinn og bauð Önnu Þóru að kveikja á kertum. Sigríður bað síðan fundarkonur að rísa úr sætum og minnst Sólveigar Hrafnadóttur sem lést 10. janúar síðast liðinn. Sólveig var um tíma félagskona í Betadeild.

Sigríður hrósaði konum fyrir góða mætingu þar sem 24 voru mættar á fundinn og skilaði síðan kveðjum frá fjarstöddum konum. Einnig þakkaði hún undirbúningshópnum fyrir og sér í lagi Önnu Þóru fyrir að taka á móti svo mörgum konum inn á heimili sitt.

Fundargerðir lesnar

Elín las fundargerðir funda frá 22. október og 28. nóvember sem voru samþykktar.

Erindi frá stjórn

- Aníta Jónsdóttir varð fimmtug 2. nóvember síðast liðinn og færði Sigríður henni afmælisgjöf frá Betasystrum, gjafabréf UNICEF sem er styrkur til stúlkna sem þurfa á gjöfinni að halda. Aníta flutti þakkarorð og sagðist m.a. einkar stolt af því að tilheyra þessum hópi kvenna sem leitist við að láta gott af sér leiða.
- Fyrir hönd útbreiðslunefndar las Fríða upp nöfn þeirra kvenna sem tilnefndar höfðu verið um að fá boð um inngöngu í Betadeild. Engar athugasemdir höfðu borist útbreiðslunefnd og var innganga viðkomandi kvenna borin upp og voru þær allar samþykktar. Næsta skref er að kynna fyrir þeim samtökin og bjóða þeim á fund. Um það sjá þær konur sem tilnefndu viðkomandi.

Önnur mál

- Jónína minnti konur á fyrirhugað vorþing í Borgarnesi þann 9. maí og hvatti eindregið til þátttöku og sagði dagskrána örugglega verða áhugaverða. Þær sem þegar hafa ákveðið að fara stefna á að fara af stað seinni part föstudagsins.

- Elín sagði vanta a.m.k. eina konu úr Betadeild í nefnd um alþjóðadag kennara en hún og Helena ganga nú úr nefndinni. Hvatti hún konur til að gefa kost á sér og þær sem hafa áhuga voru beðnar um að láta vita.
- Egló tilkynnti að ekki verði leshringur á fundinum í mars heldur annars konar óhefðbundinn fundur með menningartengdu málefni.

Umræða um bækur

Undirbúningshópur sá um að stjórna umræðum um bækur og fékk hver kona 2 ½ mínútu til að segja frá bók. Mikill fjölbreytileiki einkenndi bókavalið og það voru ekki eingöngu nýútkomnar bækur sem fengu umræðu. Að sjálfsögðu gáfu konur sér tíma til að njóta veitinga sem voru að vanda veglegar. Pyngjan góða gekk á milli og safnaði í sjóð fyrir stúlkur í Afríku. Dregið var í happdrættinu og var það Sigríður sem hneppti vinninginn að þessu sinni.

Fundarslit

Eftir skemmtilega og fróðlega umræðu bauð Sigríður Aðalbjörgu að slökkva á kertum, færði Önnu Þóru rauða rós í þakklætisskyni fyrir góðar móttökur og sleit fundi kl. 21:35.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir